

Tímalína atburða landskjörstjórnar 26. september – 1. október 2021

Laugardagur 25. september 2021

Kjördagur.

Sunnudagur 26. september 2021

Kl. 08:54

Fyrri hluti kosningaskýrslu berst með tölvupósti frá Suðvesturkjördæmi.

Kl. 11:00

Formaður, ritari og stærðfræðingur landskjörstjórnar hittast í húsakynnum Alþingis til að taka á móti kosningaskýrslum og senda þær út aftur svo yfirkjörstjórnir geti skráð breytt atkvæði. Röð atburða var með eftirfarandi hætti:

- Ritari landskjörstjórnar hringir í oddvita yfirkjörstjórnar í Norðvesturkjördæmi til að láta vita að ekki hafi borist kosningaskýrsla frá kjördæminu.
- Ritari landskjörstjórnar hringir í oddvita yfirkjörstjórnar í Suðurkjördæmi til að láta vita að ekki hafi borist kosningaskýrsla frá kjördæminu. Oddviti lætur vita að sjö atkvæðum hafi munað á tveimur framboðslistum í kjördæminu.
- Símtal formanns, ritara og stærðfræðings við Inga Tryggvason (á hátalara) til að koma á framfæri ábendingu um að 2 atkvæðum munar á atkvæðahlutfalli Viðreisnar í Norðvesturkjördæmi og Suðurkjördæmi, samkvæmt uppgefnum tölum yfirkjörstjórna til fjölmiðla, og gæti það haft áhrif á úthlutun jöfnunarsæta.
- Símtal formanns, ritara og stærðfræðings við Þóri Haraldsson (á hátalara) til að koma á framfæri ábendingu um að 2 atkvæðum munar á atkvæðahlutfalli Viðreisnar í Norðvesturkjördæmi og Suðurkjördæmi, samkvæmt uppgefnum tölum yfirkjörstjórna til fjölmiðla, og gæti það haft áhrif á úthlutun jöfnunarsæta.

Kl. 11:45

Fyrri hluti kosningaskýrslu berst með tölvupósti frá Suðurkjördæmi.

Kl. 12:03

Fyrri hluti kosningaskýrslna berast með tölvupósti frá Reykjavíkurrkjördæmum norður og suður.

Kl. 13.30

Fundur landskjörstjórnar, sjá fundargerð 21. fundar. Kl. 13:50 er fundi frestað.

Kl. 13:47

Símtal formanns landskjörstjórnar við Inga Tryggvason til að koma á framfæri ábendingu um að gæta þess að yfirkjörstjórn Norðvesturkjördæmis upplýsi og boði umboðsmenn framboðslista.

Kl. 14:10

Fyrri hluti kosningaskýrslu berst með tölvupósti frá Norðausturkjördæmi.

Kl. 16:00

Fundi landskjörstjórnar framhaldið.

Kl. 17:47

Skýrsla til Hagstofu Íslands og talningareyðublað berst með tölvupósti frá Norðvesturkjördæmi.

Mánudagur 27. september 2021**Kl. 11:06**

Þar sem gögnin frá Norðvesturkjördæmi, sem borist höfðu kl. 17:47 sunnudaginn 26. september, voru óskýr og ekki á því sniðmáti sem landskjörstjórn hafði sent yfirkjörstjórnnum til útfyllingar hafði ritari landskjörstjórnar samband við starfsmann yfirkjörstjórnar til að óska eftir nýju gagni.

Kl. 11:39

Fyrri hluti kosningaskýrslu berst með tölvupósti frá Norðvesturkjördæmi. Þar með hafði borist ein skýrsla um kosningaúrslit frá hverju kjördæmi.

Kl. 13:30

Fundur landskjörstjórnar, sjá fundargerð 22. fundar. Samþykkt að óska eftir greinargerðum frá yfirkjörstjórnnum um framkvæmd flokkunar og talningar ásamt fundargerðum.

Kl. 15:05

Landskjörstjórn sendir yfirkjörstjórnnum beiðni um greinargerð um framkvæmd flokkunar og talningar atkvæða í kjördæminu. Einnig var óskað upplýsinga um meðferð og varðveislu kjörgagna og upplýsingagjöf til umboðsmanna. Enn fremur var óskað eftir fundargerðum yfirkjörstjórna frá og með kjördegi. Yfirkjörstjórnir í Norðvesturkjördæmi og Suðurkjördæmi að auki beðnar um upplýsingar um verklag við endurtalningu atkvæða.

Þriðjudagur 28. september 2021

Eyðublöð fyrir skráningu breyttra atkvæða voru send yfirkjörstjórnnum að morgni 28. september.

Kl. 9:00

Formaður landskjörstjórnar hafði óskað eftir því að ritari hefði samband við Inga Tryggvason til að fá hjá honum staðfestingu á að eftirlitsmyndavélar hafi verið virkar og að þær staðfesti að enginn fór inn eða út úr salnum eftir að honum var læst og þar til yfirkjörstjórn opnaði hann aftur. Ritari hafði samband símleiðis við Inga kl. 9:08 til að kalla eftir staðfestingunni. Ingi sagði að öryggismyndavélar Hótel Borgarness sýndu engar mannaferðir á talningarstað á meðan yfirkjörstjórn var frá og ætlaði að

kanna hvort hótélstjóri gæti staðfest það með skriflegum hætti. Slík staðfesting barst landskjörstjórn ekki. Ritari hringdi öðru sinni í Inga, um kl. 9:30, til að leiðbeina um forsvaranlega varðveislu myndefnis úr öryggismyndavélum hótelsins, t.d. með því að lögreglunni yrði sent myndefnið.

Sjá einnig tölvupósta sem fóru á milli formanns og ritara landskjörstjórnar um málið, með afriti á landskjörstjórn.

Kl. 16.30

Fundur landskjörstjórnar, sjá fundargerð 23. fundar. Á fundinum er bókað: „Landskjörstjórn hafa borist greinargerðir yfirkjörstjórnna um framkvæmd talningar í öllum kjördæmum og afrit fundagerða. Ekki hefur borist staðfesting frá yfirkjörstjórn Norðvesturkjördæmis á að meðferð og varðveisla kjörgagna á talningarstað í kjördæminu hafi verið fullnægjandi. Í samræmi við 46. gr. stjórnarskrárinnar er það hlutverk Alþingis að úrskurða um gildi alþingiskosninga og kjörgengi alþingismanna. Upplýsingaöflun landskjörstjórnar er lokið og landskjörstjórn mun gera grein fyrir vinnu sinni á úthlutunarfundi skv. 106. gr. kosningalaga sem haldinn verður 5. október næstkomandi.“

Kl. 16.31

Kosningaskýrslur með skráningu breyttra atkvæðaseðla berst frá Reykjavíkurborg kjördæmum norður og suður.

Kl. 18:08

Kosningaskýrsla með skráningu breyttra atkvæðaseðla berst frá Suðvesturkjördæmi.

Miðvikudagur 29. september 2021

Kl. 17.36

Kosningaskýrsla með skráningu breyttra atkvæðaseðla berst frá Norðausturkjördæmi.

Kl. 18.02

Kosningaskýrsla með skráningu breyttra atkvæðaseðla berst frá Suðurkjördæmi.

Kl. 20.37

Kosningaskýrsla með skráningu breyttra atkvæðaseðla berst frá Norðvesturkjördæmi.

Fimmtudagur 30. september 2021

Kl. 00:10

Stærðfræðingur og ráðgjafi landskjörstjórnar sendir ritara uppsettar skýrslur um úrslit alþingiskosninga (ein heildarskýrsla og svo ein fyrir hvert kjördæmi).

Föstudagur 1. október 2021

Kl. 16

Úthlutunarfundur landskjörstjórnar, sjá fundargerð 24. fundar.

Gögn send dómsmálaráðuneyti á grundvelli 112. gr. laga um kosningar til Alþingis

1. Fundargerð úthlutunarfundar landskjörstjórnar 1. október 2021.
2. Bókun Magnúsar D. Norðdahl á úthlutunarfundi 1. október ásamt afriti af kosningakæru hans
3. Bókun Þórunnar Birtu Þórðardóttur á úthlutunarfundi 1. október
4. Afrit af bréfi Hrannar Ríkharðsdóttur til yfirkjörstjórnar í Norðvesturkjördæmi, dags. 27. september sl., sem afhent var ritara eftir úthlutunarfund.
5. Greinargerð landskjörstjórnar um úrslit kosninga 25. september 2021, dags. 30. september 2021.
6. Skýrsla yfirkjörstjórnar í Norðvesturkjördæmi til landskjörstjórnar og Hagstofu Íslands.
7. Skýrsla yfirkjörstjórnar í Norðausturkjördæmi til landskjörstjórnar og Hagstofu Íslands.
8. Skýrsla yfirkjörstjórnar í Suðurkjördæmi til landskjörstjórnar og Hagstofu Íslands.
9. Skýrsla yfirkjörstjórnar í Suðvesturkjördæmi til landskjörstjórnar og Hagstofu Íslands.
10. Skýrsla yfirkjörstjórnar í Reykjavíkurborg kjördæmi suður til landskjörstjórnar og Hagstofu Íslands.
11. Skýrsla yfirkjörstjórnar í Reykjavíkurborg kjördæmi norður til landskjörstjórnar og Hagstofu Íslands.
12. Greinargerð yfirkjörstjórnar í Norðvesturkjördæmi til landskjörstjórnar um talningu atkvæða, dags. 28. september 2021, ásamt fundargerð.
13. Greinargerð yfirkjörstjórnar í Norðausturkjördæmi til landskjörstjórnar um talningu atkvæða, dags. 27. september 2021, ásamt fundargerð.
14. Greinargerð yfirkjörstjórnar í Suðurkjördæmi til landskjörstjórnar um talningu atkvæða, dags. 27. september 2021, ásamt fundargerðum, og fylgiskjali um feril atkvæða og vinnureglur um talningu.
15. Greinargerð yfirkjörstjórnar í Suðvesturkjördæmi til landskjörstjórnar um talningu atkvæða, dags. 27. september 2021, ásamt fundargerð.
16. Sameiginleg greinargerð yfirkjörstjórna í Reykjavíkurborg kjördæmi norður og suður til landskjörstjórnar um talningu atkvæða, dags. 27. september 2021, ásamt fundargerðum yfirkjörstjórnanna.
17. Tölvuskeyti Magnúsar D. Norðdahl til landskjörstjórnar, dags. 26. september 2021, þar sem gerðar eru athugasemdir við talningu atkvæða í Norðvesturkjördæmi.
18. Afrit af bréfi Guðmundar Gunnarssonar til yfirkjörstjórnar í Norðvesturkjördæmi, dags. 27. september 2021.
19. Tölvupóstssamskipti ritara landskjörstjórnar við Guðmund Gunnarsson um aðgang að gögnum, dags. 27. september 2021.
20. Afrit lögreglukæru Karls Gauta Hjaltasonar send landskjörstjórn með tölvupósti dags. 27. september 2021.
21. Afrit af kröfu Karls Gauta Hjaltasonar til yfirkjörstjórnar Norðvesturkjördæmis, dags. 27. sept.
22. Önnur tölvupóstssamskipti við Karl Gauta Hjaltason, m.a. um gerðabók yfirkjörstjórnar í Norðvesturkjördæmi.
23. Samskipti landskjörstjórnar við lögreglustjórn á Vesturlandi, dags. 29. september og 1. október 2021.

24. Erindi Sigurðar Arnar Hilmarssonar, lögmanns á Rétti f.h. Rósu Bjarkar Brynjólfsdóttur, dags. 30. september 2021. Svör ritara landskjörstjórnar dags. 30. september og 4. október 2021.
25. Tölvuskeyti Braga R. Axelssonar, fulltrúa í yfirkjörstjórn Norðvesturkjördæmis, dags. 29. september 2021.
26. Tölvuskeyti Berglindar Lilju Þorbergsdóttur, starfsmanns yfirkjörstjórnar Norðvesturkjördæmis, dags. 30. september 2021. Með póstinum fylgir talningarblað fyrri talningar í kjördæminu.
27. Bréf Jóns Þórs Ólafssonar f.h. umboðsmanna Pírata á höfuðborgarsvæðinu, dags. 1. október 2021 ásamt fylgiskjöllum.
28. Tölvuskeyti Baldvins Björgvinssonar, dags. 4. október 2021, um stærð utankjörfundaratkvæða.

Gögn sem mögulegt er að senda undirbúningskjörbréfanefnd og varpað gætu ljósi á málið:

Fundargerðir landskjörstjórnar:

- 21. fundur 26. september 2021
- 22. fundur 27. september 2021
- 23. fundur 28. september 2021
- 24. fundur 1. október 2021

Tölvupóstssamskipti landskjörstjórnar 28. september um myndefni á Hótel Borgarnesi.

Glærुकyning 20. september 2021 Stefán Ingi Valdimarsson.